



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.).“

Nr. S-213/2024 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

| | | |
|----|--|---|
| 1. | Pátttaka..... | 2 |
| 2. | Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim..... | 2 |
| | 2.1. Réttur til dráttarvaxta hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta..... | 2 |
| | 2.2. Starfsemi til almannaheilla og almannaheillaskrá Skattsins..... | 3 |
| | 2.3. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis..... | 4 |
| | 2.4. Aðgangur tollyfirvalda að rafrænni vöktun..... | 4 |
| | 2.5. Innviðagjald..... | 4 |
| | 2.6. Gjald á nikótínvörur..... | 5 |
| | 2.7. Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki..... | 6 |
| | 2.8. Virðisaukaskattur sem lagður er á hreinorkubílaleigubíla..... | 7 |
| | 2.9. Leit í innrituðum farangri..... | 7 |
| 3. | Næstu skref..... | 7 |

1. Þátttaka

| | Einstaklingar | Lögaðilar |
|----------------|-----------------------|-------------------------------------|
| Umsagnaraðilar | | Brunnur Ventures GP ehf. |
| | | CCP ehf. |
| | | Cruise Iceland, CLIA og AECO |
| | | Deloitte Legal ehf. |
| | | Dufland ehf. |
| | | Embla Medical hf. |
| | | Félag atvinnurekenda |
| | | Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu |
| | | Globus hf. |
| | | Ignas ehf. |
| | | Kerecis ehf. |
| | | Nicopods ehf. |
| | | Nox Medical ehf. |
| | | Rolf Johansen & Co ehf. |
| | | Samtök atvinnulífsins |
| | | Samtök ferðaþjónustunnar |
| | | Samtök iðnaðarins |
| | | Samtök verslunar og þjónustu |
| | | SH Import ehf. |
| | Benedikt Páll Jónsson | Sidekick Health |
| | Egill Másson | Steindal ehf. |
| | Hjörtur Sveinsson | Svens ehf. |
| | Jón Frímánn Jónsson | Viðskiptaráð Íslands |
| Samtals | 4 | 23 |

Upplýsingar um málefni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3852>

2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

27 umsagnir vegna málsins bárust í samráðsgáttina og hefur eftirfarandi umfjöllun verið skipt í flokka samkvæmt þeim.

2.1. Réttur til dráttarvaxta hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta.

Í umsögn eins lögaðila eru m.a. gerðar athugasemdir við breytingu á lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, til aukins skýrleika á rétti til dráttarvaxta hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta. Lagt er til að á eftir 1. másl. efnismálsgreinar 11. gr. frumvarpsdraganna, komi nýr málslíður, svohljóðandi: „Einnig skal greiða gjaldanda sem ekki hefur átt aðild að slíku dómsmáli, en telst vera í sömu stöðu og gjaldandi dómsmálsins, dráttarvexti frá þeim tíma þegar dómsmálið var höfðað“. Þessu er til að svara að varðandi breytingu á ákvæðum um dráttarvexti í lögum nr. 150/2019, frá því sem var í eldri lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, voru meginsjónarmiðin fyrir því þau að tryggja jafnræði gjaldanda og að þeir yrðu eins settir óháð því hvaða sérþekkingu eða sérfræðiaðstoð þeir byggju yfir eða nytu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2019 var lögð áhersla á að greiðsla vaxta vegna endurgreiðslna væri

lögakveðin og ekki háð því að gjaldendur gerðu kröfu um endurgreiðslu eða greiddu með fyrirvara um lögmati kröfu eins og tíðkaðist í gildistíð eldri laga. Að baki þessari breytingu lágu því m.a. jafnræðissjónarmið. Eins og fram kemur í skýringum við 11. gr. frumvarpsdraganna er tillaga að lagabreytingu til aukins skýrleika á 8. gr. laga nr. 150/2019, m.a. til að taka af allan vafa um að málshefjandi eigi rétt til dráttarvaxta af þeim greiðslum sem hann innir af hendi í samræmi við lagaskyldu þar til gjald verður dæmt ólögætt. Telja verður að eðlilegt sé að önnur vaxtaregla eigi að gilda um málshefjanda en um aðra sem einnig hafa greitt gjald sem dæmt er ólögætt. Sjónarmið að baki þeirri breytingartillögu eru m.a. þau að málshefjandi leggur til kostnað og fyrirhöfn við höfðun dómsmáls. Ekki var lagt til að sama regla gilti um aðra gjaldendur en tekið skal fram að þeir aðilar fá einnig bætur, skaðabótavexti skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

2.2. Starfsemi til almannaheilla og almannaheillaskrá Skattsins.

Einn lögaðili gerir athugasemdir í umsögn sinni við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, í tengslum við starfsemi til almannaheilla og þau skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins. Gildandi lög kveði á um að atvinnustarfsemi sé heimil innan þeirra marka sem samþykktir og tilgangur heimila eða hafi starfsemin aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna. Fyrirhuguð breyting mæli aftur á móti fyrir um „takmarkaða atvinnustarfsemi“ í samræmi við tilgang, auk þess að atvinnustarfsemin megi einvörðungu skila litlum hluta heildartekna. Það kunni að leiða til þess að félög falli af skránni og fyrirhuguð breyting sé ekki til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að var stefnt. Þá er reglugerðarheimild talin orka tvímælis gagnvart stjórnarskránni.

Því er til að svara að þvert á móti verður að telja breytinguna nauðsynlega að fenginni reynslu eftir lögfestingu laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, nr. 32/2021. Samkvæmt gildandi lokamálslið 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, getur verið hætt á því að félagasamtök eða stofnanir telji sér heimilt að stunda umfangsmikinn atvinnurekstur. Sú takmörkun sem sett var með orðalaginu „innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans“ og ætlað var að opna á takmarkaðan atvinnurekstur verður að telja um margt óljösa í þessu samhengi og hefur ekki fangað þá takmörkuðu heimild til atvinnurekstrar sem ætlað var. Að gefnu tilefni og fenginni reynslu verður að telja þá afmörkun sem fram kemur í a-lið 1. gr. frumvarpsdraganna leiða til aukins skýrleika ákvæðisins og er hún nauðsynleg til að draga megi úr hættu á því að félagasamtök eða stofnanir fái stundað umfangsmikinn atvinnurekstur í skjóli skráningar í almannaheillaskrá Skattsins. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að almennt verður að gera greinarmun á því hvort stundaður sé almennur atvinnurekstur eða hvort hugsjónastarfsemi sé starfrækt til almannaheilla. Hugsjónastarfsemi sem starfrækt er til almannaheilla er almennt fjármögnuð með almennum framlögum fyrirtækja og einstaklinga auk þess sem slíkri hugsjónastarfsemi fylgir iðulega mikil sjálfboðavinna, sbr. starfsemi íþróttafélaga og björgunarsveita. Slík starfsemi fellur utan skattskyldu, skv. 5. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, enda ekki talið að grunneðlisþættir starfseminnar feli í sér atvinnurekstur. Þó tiltekin takmörkuð atvinnustarfsemi fari fram hjá lögaðilum eins og íþróttafélögum og björgunarsveitum og kunni að vega mikið í tekjuöflun þeirra þá teldist slík atvinnustarfsemi aðeins til óverulegs hluta heildarstarfsemi slíkra lögaðila. Ákvæðið ætti því ekki að hafa áhrif á starfsemi þeirra og þeim því alla jafna heimil skráning á almannaheillaskrá Skattsins að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Hvað varðar athugasemdir sem snúa að því að framsal skattlagningarvalds með reglugerð sé í andstöðu við stjórnarskrána er bent á að nánari skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins koma nú fram í tveimur reglugerðum, þ.e. reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, nr. 1300/2021, og reglugerð um frádrátt einstaklinga frá tekjum utan atvinnurekstrar vegna gjafa og framlaga til lögaðila sem starfa til almannaheilla, nr. 215/2022. Skráning á almannaheillaskrá Skattsins varðar lögaðila utan atvinnurekstrar sem starfa að almannaheillamálefnum en einnig einstaklinga og lögaðila sem styrkveitendur. Telja verður að betur fari á því að hafa nánari

skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins í sérstakri reglugerð en í framangreindum tveimur reglugerðum auk þess sem reglugerð nr. 1300/2021 varðar fyrst og fremst frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eins og nafn hennar ber með sér.

2.3. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis.

Tveir lögaðilar fagna framlengingu bráðabirgðaákvæðis í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis. Þó sé nauðsynlegt að endurskoða tímabil tolla í búvörulögum til að koma til móts við grænmetisshort hér á landi. Lagt er til að fyrirkomulagið, sem hefur verið framlengt með bráðabirgðaákvæði, verði lögfest varanlega. Þá er talin ástæða til að tekið verði til skoðunar hvort ekki sé tilefni til að kveða til bráðabirgða á um tollalækkun ferskra eggja sem falla undir vöruliðinn 0407 í tollskrá. Gert er ráð fyrir eins árs framlengingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE laganna þannig að það gildi út árið 2025. Með framlengingunni er tryggt nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem komið er í veg fyrir skortstöðu og dregið úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt. Búvörulög, nr. 99/1993, eru á forræði matvælaráðherra en taka má undir að tilefni sé til að taka til skoðunar hvort festa skuli ákvæðið varanlega í sessi. Hvað skoðun á tollalækkun ferskra eggja varðar verður þeirri athugasemd beint til matvælaráðherra.

2.4. Aðgangur tollyfirvalda að rafrænni vöktun.

Einn lögaðili gerir athugasemdir við þá breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, að veita tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun á svæðum þar sem lögbundið tolleftirlit skuli fara fram. Heimildin sé rúm og án takmarkana. Þá megi ætla að breytingin skerði friðhelgi einkalífs auk þess sem hún komi inn á persónuvernd og ýmis framkvæmdaratriði séu óljós. Lagt er til að breytingatillaga frumvarpsdraganna verði tekin til endurskoðunar. Bent er á að lögbundið hlutverk tollyfirvalda er m.a. að annast tollframkvæmd á landinu öllu og hafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu ásamt því að hafa eftirlit með ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 40. gr. tollalaga. Aðgangur að rafrænni vöktun og upptökum úr myndavélakerfum verður ávallt háður þeim takmörkunum að þurfa að vera í samræmi við eftirlitshlutverk tollyfirvalda, sbr. framangreint, en eðli málsins samkvæmt verður að játa tollyfirvöldum nokkurt svigrúm við mat á því hvað telst nauðsynlegt hverju sinni. Það hefur mikla þýðingu fyrir lögbundið tolleftirlit að tollyfirvöld hafi aðgang að efni úr myndavélakerfum þar sem eftirlit er til staðar, t.d. í höfnum og á flugvöllum.

2.5. Innviðagjald.

Í sjö umsögnum lögaðila eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða upptöku innviðagjalds á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum og hækkun gistináttaskatts. Tekið er fram að í tillögu til þingsályktunar um ferðamálafestun og aðgerðaáætlun til ársins 2030 sem lögð hafi verið fram á síðasta þingi hafi verið lagt til að afnema gistináttaskatt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu og efla samkeppnishæfni þeirra og verðmætasköpun. Í meðförum þingsins hafi tillögunni verið breytt á þá leið að ákvæði laga um gistináttaskatt yrðu tekin til endurskoðunar með það til hliðsjónar að samkeppnisstaða ólíkra gististaða yrði jöfnuð. Kostir þess að afnema gistináttaskattinn yrðu jafnframt kannaðir. Með fyrirliggjandi frumvarpi sé þannig gengið þvert á upphaflegan vilja ráðherra. Jafnframt sé tillaga frumvarpsins ekki í samræmi við þá endurskoðun. Það að gistináttaskatturinn myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts sé til bóta en fyrirvarinn of stuttur auk þess sem um íþyngjandi lagabreytingu sé að ræða. Breytingin sé til þess fallin að draga úr samkeppnishæfni gistirekenda hér á landi við erlenda gistirekendur og fjárhæð gistináttaskattsins sé of há. Þá muni breytingin leiða til hækkunar á verði gististaða og eins þurfi að koma skýrt fram hvenær skemmtiferðaskip telst dvelja á tollsvæðinu til að auka skýrleika á því hvenær skattskylda innviðagjalds sé til staðar. Lagt er til að gistináttaskatturinn verði tekinn til endurskoðunar með það að markmiði að afnema hann samhliða endurskoðun á gjaldtöku af ferðaþjónustu þannig að samkeppnisstaða ólíkra tegunda gististaða hér á landi verði

jöfnuð. Hyggist stjórnvöld hafa gistináttaskatt áfram er lagt til að lagabreytingar um fjárhæð gistináttaskatts og innviðagjalds á skemmtiferðaskip taki gildi 2027.

Því er til að svara að breytingartillagan tekur mið af ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 sem kom fram í þingsályktun menningar- og viðskiptaráðherra og var samþykkt á Alþingi 21. júní 2024 (1036. mál á 154. löggjafarþingi 2023–2024). Í þingsályktuninni kemur fram að innleiða skuli löggjöf um sérstaka gjaldtöku, innviðagjald, sem lagt verði á komur erlendra skemmtiferðaskipa. Þar segir enn fremur að komu ferðamanna með skemmtiferðaskipum til landsins hafi fjölgað umtalsvert á undanförunum árum og að innlend ferðþjónustufyrirtæki hafi búið við skerta samkeppnisstöðu gagnvart erlendum skemmtiferðaskipum. Þannig liggur fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um upptöku innviðagjalds á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til greina að fresta gildistöku. Þá verður almennt að játa stjórnvöldum víðtækt svigrúm til tekjuöflunar með skömmum fyrirvara. Benda má á að þegar ferðir eru seldar fram í tímann megi gera ráð fyrir að í samningsskilmálum sé fyrirvari þar sem seljandi áskilji sér rétt til að krefja kaupanda um frekari greiðslur verði breytingar á sköttum og gjöldum. Bent er á að gististaðir og skemmtiferðaskip innheimta skattinn hjá sínum viðskiptavinum. Það eru þeir sem raunverulega eiga að greiða skattinn, ekki gististaðurinn og skemmtiferðaskipið. Hækkun á gistináttaskatti ætti því ekki að hafa áhrif á rekstur þessara aðila nema þá ef samdráttur verður í eftirspurn eftir gistingu.

2.6. Gjald á nikótínvörur.

Tólf umsagnir bárust frá bæði lögaðilum og einstaklingum vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, varðandi gjaldtöku á nikótínvörur, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur. Í umsögnunum er bent á hugsanlegar neikvæðar afleiðingar þess að hækka gjöld á nikótínþúða, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur. Kom þar helst fram að með áformaðri gjaldtöku yrði Ísland efst á lista yfir skattlagningu á nikótínvörur. Þá yrði neytendum mögulega beint út á svarta markaðinn sem myndi grafa undan tekjuöflun ríkissjóðs ásamt því að gera stjórnvöldum erfiðara um vik að beita stjórnþækjum sínum til neyslustýringar. Þá gæti gjaldtakan haft í för með sér að ungt fólk myndi snúa sér að skaðlegri vörum, svo sem neftóbaki og sígarettum, sem sé í mótsögn við tilgang gjaldtökunnar þar sem nikótín sé í raun mun hættuminni vara en tóbak. Þá eru gerðar athugasemdir við að gjaldtakan miðist við þyngd frekar en styrkleika nikótíns en slíkt endurspeglir ekki þá skaðaminnkun sem stefnt sé að og sé stigskipt gjaldtaka eftir styrkleika mun vænlegri leið til að beina einstaklingum í átt að vörum með minni nikótínstyrk. Þá kemur fram að forvörnum og eftirliti sé ábótavant hjá stjórnvöldum og kappkosta ætti að efla það og styrkja til að koma í veg fyrir notkun hjá yngsta aldurshópnum. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við mismunandi gjaldtöku nikótínþúða og rafrettuvökva ásamt því sem gerðar eru athugasemdir við stuttan frest til umsagnar.

Með hliðsjón af þessum umsögnum verður lagt til að fyrirhugað gjald á nikótínþúða, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur verði lækkað í 20 kr. á hvert gramm af nikótínvöru og 40 kr. á hvern millilítra af vökva í rafrettur. Með slíkri gjaldtöku færumst við nær nágrannaríkjum okkar og erum í einhverjum tilfellum með lægra gjald, en til hliðsjónar leggja Finnar að lágmarki 20 kr. á hvert gramm nikótínþúða án tillits til styrkleika og 45 kr. á hvern millilítra rafrettuvökva. Þá er gjaldtaka í Danmörku 30 kr. á hvern millilítra rafrettuvökva með styrk undir 12 mg/g af nikótíni og 50 kr. á sterkari rafrettuvökva. Þá líkt og fram hefur komið hafa Danir nýlega tvöfaldað gjaldtöku á nikótínþúða frá og með 2025, en gjaldtakan miðast við styrkleika nikótíns. Til samanburðar, með áður nefndri lækkun niður í 20 kr. á hvert gramm, yrði gjaldtaka á Íslandi sambærileg því sem Danir leggja á staðlaða dós af nikótínþúðum með styrkleika 10mg/g, nánar tiltekið 300 kr. Ástæður að baki því að gjaldið sé lagt á hvert gramm og millilítra vöru frekar en styrkleika nikótíns eru ákveðin samræmissjónarmið við álagningu tóbaksgjaldsins en það er lagt á hvert gramm tóbaks og síðan er fast gjald á 20 stykki vindlinga óháð styrkleika þeirra. Þá er talið að sá munur sem er á fyrirhugaðri gjaldtöku milli nikótínþúða og rafrettuvökva sé sambærilegur við það sem þekkest erlendis.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki gjaldtökunni, þ.e. að draga skuli úr neyslu þessara vara, liggur beint við að hækka þurfi verð til að draga úr eftirspurn en óumflýjanlega felst í slíku ákveðin hættu á að neyslumynstur kunni að breytast og munu stjórnvöld fylgjast grannt með þróun mála og útiloka ekki að bregðast við ef þurfa þykir með breyttri gjaldtöku. Þrátt fyrir að ekki liggja fyrir langtímarannsóknir sem sýni fram á að nikótínvörur séu krabbameinsvaldandi líkt og tóbak þá liggja fyrir margar rannsóknir sem sýna skaðleg áhrif nikótíns á heilsu fólks. Áhrif nikótíns á hjarta- og æðakerfi eru löngu þekkt auk þess sem nikótín er ávanabindandi og lækkar þröskuldinn fyrir ungt fólk til að byrja að reykja auk annarrar jaðarhegðunar. Regluleg notkun nikótínþúða veldur skaða á tannholdi og er sá skaði í flestum tilfellum óafturkræfur. Þá liggja fyrir rannsóknir sem sýna fram á að regluleg notkun rafrettna veldur lungnasjúkdómum og skemmdum á lungnavef. Önnur ríki hafa brugðist við fyrrgreindum vanda með gjaldtöku, líkt og að framan er rakið, og er það beinlínis hlutverk stjórnvalda að reyna að stemma stigu við þeim vanda sem blasir við og felst í aukinni notkun barna og ungmenna á skaðlegri vöru. Fyrirhuguð gjaldtaka er í samræmi við þau markmið.

Vegna sjónarmiða um að með hárrí gjaldtöku sé neyslu beint í skaðlegri efni, svo sem tóbak og sígarettur, er því til að svara að fyrirhuguð gjaldtaka er áfram umtalsvert lægri en gjaldtaka á tóbak og sígarettur þannig að líkur á því eru hverfandi. Þá er vert að nefna að lyf sem innihalda nikótín, sem framleidd eru og markaðssett til að hjálpa reykingafólki að hætta að reykja, eru skaðaminnkandi. Strangar kröfur eru gerðar til klínískra rannsókna til þess að slíki lyf fái markaðsleyfi en hvorki rafrettur né nikótínþúðar falla þar undir. Þar að auki bendir sú staðreynd að þriðjungur fólks á aldrinum 18–29 ára noti nikótínþúða og 5–7% stundi daglegar reykingar til þess að það fólk er ekki að hætta að nota tóbak og færa sig yfir í nikótín heldur er um nýgengi að ræða.

Taka má undir að efla þurfi forvarnir og eftirlit og er frumvarpið einn þáttur í því.

2.7. Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki.

Tíu umsagnir bárust frá lögaðilum að því er varðar fyrirhugaðar breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009. Það er að meginstefnu til sammerkt með umsögnum að þær snúa að athugasemdum tengdum gjaldfærslu húsnæðiskostnaðar, takmörkun á tímamörkum umsóknar, heimild Rannís til að afturkalla staðfestingu, heimild til beitingar 25% álags, auk atriða er snúa að tengdum aðilum.

Með vísan til þeirra athugasemda sem fram hafa komið varðandi gjaldfærslu húsnæðiskostnaðar verður fallið frá fyrirhuguðum breytingum en þetta kemur væntanlega til skoðunar við fyrirhugaða endurskoðun laganna. Vafi getur leikið á því að húsnæðiskostnaður geti talist sem beinn nýsköpunar- og þróunarkostnaður þar sem hann er oftast hluti af föstum rekstrarkostnaði fyrirtækja, svo sem eins og leigukostnaður eða fyrningar. Mögulega gæti húsnæðiskostnaður tengst nýsköpun og þróun ef húsnæði væri sérstaklega byggt til þess að hýsa rannsóknar- eða þróunarstarfsemi sem getur tæplega átt við um skrifstofuhúsnæði.

Eins og fram kemur í skýringum við 48. gr. frumvarpsins hefði ákvæðið komið að fullu til framkvæmda um næstu áramót þegar bráðabirgðaákvæðin falla úr gildi. Það myndi þýða að nýsköpunarfyrirtæki sem lögin taka til ætti rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem næmi 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði án tillits til stærðar. Við frumvarpsgerðina þótti rétt að halda aðskildum frádráttarrétti þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki væri að ræða annars vegar og stór fyrirtæki hins vegar. Rétt þykir þó að taka tillit til þeirra umsagna sem borist hafa með því að lækka fyrirhugað hlutfall, 34%, að því er tekur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en hækka hlutfallið í 22,5% þegar um stór fyrirtæki er að ræða.

Að teknu tilliti til framkominna umsagna verður lögð til sú breyting á frumvarpinu að Rannís geti afturkallað umsókn ef hún byggist á röngum og villandi upplýsingum og að sú heimild nái til yfirstandandi árs og síðastliðinna tveggja ára. Þessi liður kemur væntanlega til skoðunar við fyrirhugaða endurskoðun laganna.

Hvað beitingu 25% álags varðar er fyrst og fremst verið að horfa til óstyrkhæfs kostnaðar samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, þ.e. kostnað sem ekki verður talið heimilt að falli undir þau lög. Óstyrkhæfur kostnaður samkvæmt þeim lögum kann að vera metinn frádráttarbær samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, þrátt fyrir að hann tengist ekki beint nýsköpunar- og þróunarkostnaði. Ef kostnaður sem talinn hefur verið fram sem styrkhæfur reynist hins vegar ekki frádráttarbær getur viðkomandi sætt álagi fyrir röng framtalsskil til tekjuskatts á grundvelli tekjuskattslaga og álagi á grundvelli þessara laga fyrir röng skil á upplýsingum í þeirri von að fá endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Ekki verður talið að það sé óeðlilegt fyrirkomulag. Þá hefur verið fyrirbyggjandi að bráðabirgðaákvæðin falla úr gildi um næstu áramót. Ekki verður því fallist á athugasemdir um að fyrirtæki hafi mátt búast við því að endurgreiðsluhlutföllin myndu haldast óbreytt sem og hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti.

Vegna athugasemda um takmarkanir á framlengingu umsókna skal tekið fram að í gildandi lögum er ekki að finna takmörkun á því að fyrirtæki get sótt um staðfestingu Rannís á grundvelli sama verkefnis. Að ígrunduðu máli var talið eðlilegt að heimila staðfestingu verkefnis tvisvar sinnum eftir að hafa fengið staðfestingu á umsókn í fyrsta sinn. Er þá samtals um að ræða þrjú ár. Hins vegar er ekki verið að loka á mögulega staðfestingu á grundvelli nýs verkefnis sem byggist á fyrra verkefni ef sýnt er fram á að áfangamarkmiðum hafi verið náð sem sé tiltekin mælanlegur áfangi sem gefi góða mynd að því hvort verkefnið sé að réttri leið.

Með fyrirhugaðri breytingu hvað varðar skilgreiningu á sérfræðimenntun er eingöngu verið að skerpa á skilgreiningu um menntun starfsfólks nýsköpunarfyrirtækis og ekki um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu. Þá skal tekið fram að skilgreining á stjórnunarlegum yfirlitum og tengdum aðilum er í samræmi við þá skilgreiningu sem fram kemur í 7. gr. reglugerðar um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 758/2011.

2.8. Virðisaukaskattur sem lagður er á hreinorkubílaleigubíla.

Vegna athugasemda sem gerðar eru við virðisaukaskatt sem lagður er á hreinorkubílaleigubíla er bent á að bílaleigur hafa frá 1. janúar 2024 getað sótt um styrk úr Orkusjóði vegna kaupa á rafmagnsbílum líkt og einstaklingar og önnur fyrirtæki. Þá nýtist bílaleigum vel sú heimild að reikna sérstakt fyrningarálag í tekjuskatti á stofnverð hreinna eigna sem aflað er á árunum 2021–2025 og teljast umhverfisvænar. Auk þess nýtast bílaleigum vel þeir sérstöku styrkir sem Orkusjóður hefur veitt vegna uppsetningar hleðslustöðva við gististaði og fjölsóttu ferðamannastaði.

2.9. Leit í innrituðum farangri.

Að lokum eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, þess efnis að heimila tollyfirvöldum leit í innrituðum farangri farþega og áhafnar að viðkomandi fjarstöddum. Fallið hefur verið frá áformum um að leggja þá breytingu til í frumvarpinu. Til stendur að leggja fram frumvarp á næstu misserum þar sem brugðist verður við ábendingum í áhættumati ríkislögreglustjóra um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka frá desember 2023. Jafnframt er áformað að í sama frumvarpi verði brugðist við nokkrum ábendingum sem komu fram í úttekt alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (Financial Action Task Force (FATF)) frá árinu 2018 varðandi skort á eftirliti með flutningi reiðufjár til og frá landinu. Áður áformuð breyting á tollalögum mun þurfa að koma til skoðunar aftur við vinnslu þess frumvarps. Undirbúningur er hafinn að næstu úttekt FATF á Íslandi en hún mun fara fram árið 2026.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.) verði lagt fram á Alþingi á 155. löggjafarþingi 2024–2025.